

**Útgerðarfélag
Reykjavíkur hf.**
Samstæðuársreikningur
2024

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.
Fiskislóð 14
101 Reykjavík
kt. 410998-2629

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.

Samstæðuársreikningur 2024

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2-4
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	5-7
Rekstrarreikningur	8
Yfirlit um heildarafkomu	9
Efnahagsreikningur	10
Yfirlit um sjóðstreymi	11
Yfirlit um eigið fé	12
Skýringar	13-32
Viðauki - Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	33-37

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Útgerðarfélagi Reykjavíkur hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um eigið fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæðum í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við upplýsingar í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar félagsins í samræmi við reglugerð Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði íslenskra laga og alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt því er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir.

Við erum óháðir samstæðu Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og alþjóðlegra siðareglna fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

Eftir okkar bestu vitund höfum við ekki veitt Útgerðarfélagi Reykjavíkur hf. neina þá þjónustu sem endurskoðendum er óheimilt að veita samanber lista í grein 5.1 í reglugerð Evrópusambandsins nr. 537/2014. Við höfum veitt félaginu aðra heimilaða þjónustu svo sem aðra staðfestingarvinnu. Við höfum til staðar innri ferla til að tryggja óhæði okkar áður en við tökum að okkur önnur verkefni.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Lýkilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eignarhlutur félagsins í Brim hf. eru stærsta eign þess og nemur bókfært virði hans um 316,4 milljónum evra eða um 58,9% af eignum samstæðunnar. Eignarhluturinn í Brim hf. er færður til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð en hann nemur um 43,96% af heildarhlutum í Brim hf. Stjórnendur félagsins framkvæma virðismat árlega og meta hvort að virðisrýrnun hafi átt sér stað á reikningsskiladegi. Í ljósi umfangs reikningsliðar í ársreikningi samstæðunnar þá teljum við eignarhlutinn í Brim hf. vera megináherslu við endurskoðun ársreikningsins. Í skýringu 14 um eignarhluta í hlutdeildarfélögum og í skýringu 26 um mikilvægar reikningsskilaaðferðir kemur fram reikningshaldsleg meðhöndlun eignarhlutarins.

Við staðfestum tilvist eignarhlutarins í Brim hf. í árslok. Við lögðum mat á hvort að reikningshaldsleg meðhöndlun hans sé rétt og fórum yfir hvort að færslur ársins séu viðeigandi miðað við hlutdeildaraðferð. Við fórum yfir aðferðafræði og forsendur stjórnenda á virðismati eignarhlutarins og útreikning hans. Við könnuðum hvort að skýringar í ársreikningi um eignarhlutinn væru í samræmi við IFRS 12.

Áritun óháðra endurskoðenda (framhald)

Bókfærðar fiskveiðiheimildir í ársreikningi félagsins 2024 nema um 132,5 milljónum erva eða um 24,6% af efnahagsreikningi samstæðunnar. Þær eru færðar til eignar á kostnaðarverði sem óefnisleg eign með ótakmarkaðan líftíma og eru verulegur liður í reikningsskilum félagsins. Stjórnendur félagsins framkvæma virðismat árlega og meta hvort að virðisrýrnun hafi átt sér stað á reikningsskiladegi. Vegna stærðar liðarins og óvissu í mati tengt forsendum sem virðisrýrnunarpróf byggja á, teljum við fiskveiðiheimildir vera megináherslu við endurskoðun okkar. Vísað er í skýringu 11 um óefnislegar eignir og skýringu 26 um mikilvægar reikningsskilaaðferðir í ársreikningnum.

Við staðfestum tilvist aflahlutdeildar og aflamarks samstæðunnar. Við fórum yfir virðismat stjórnenda á fiskveiðiheimildum í árslok og könnuðum aðferðafræði og helstu forsendur þess sem byggðist m.a. á gangvirði í nýlegum viðskiptum, verðmati kvótamiðlara og úthlutun aflamarks fiskveiðitímabilið sem hófst 1. september 2024. Við fórum yfir útreikning virðismatsins og niðurstöður þess ásamt því að kanna hvort það hafi verið framkvæmt í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 36. Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra og viðauki um ófjárhagslega upplýsingagjöf.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til þessara annarra upplýsinga og við látum ekki í ljós álit af nokkru tagi á þeim upplýsingum nema það að í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, eru þær upplýsingar sem þar ber að veita og ekki koma fram annarsstaðar í ársreikningnum.

Í tengslum við endurskoðun ber okkur að lesa yfir þessar aðrar upplýsingar og huga að því hvort þær stangist verulega á við ársreikninginn eða aðra vitneskju sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast á einhvern hátt vera verulegar rangfærslur. Ef niðurstaða okkar er að um verulegar rangfærslur sé að ræða í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að skýra frá.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæðum í lögum um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti, sem nauðsynlegt er við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort heldur er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi samstæðunnar. Stjórnendum ber að semja ársreikning á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi, og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort heldur er af völdum sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er ekki trygging þess að endurskoðun, framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, leiði í ljós allar verulegar skekkjur, séu þær til staðar. Skekkjur geta verið vegna mistaka eða sviksemi, og eru álitnar verulegar, ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind, og beitingu faglegrar tortryggni við framkvæmd endurskoðunarinnar. Við gerðum einnig eftirfarandi:

Áritun óháðra endurskoðenda (framhald)

- greindum og mátum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort heldur er vegna mistaka eða sviksemi, og framkvæmdum eftir atvikum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum, og öfluðum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Líkur á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi eru meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér svo margvíslegar aðgerðir, svo sem samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt, eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum í fyrirtækinu.
- öfluðum okkur skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits í félaginu.
- lögðum mat á hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og þeim tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- ályktuðum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og mat, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort verulegur vafi leiki á um rekstrarhæfi, eða hvort til staðar séu aðstæður, sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi, ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á hlutaðeigandi skýringum ársreikningsins. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, skal víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fyrir dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- lögðum heildarmat á hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, og mátum framsetningu hans, uppbyggingu og innihald í heild, þar með talið skýringar.
- öfluðum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan félagsins, til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar félagsins. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Við upplýstum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og um veruleg atriði sem upp komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, eftir því sem við getur átt.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um öll tengsl eða önnur atriði sem raunhæft er að gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og eftir því sem við á, til hvaða varúðarráðstafana við höfum gripið til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur heimili ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningar tilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Endurskoðun BT ehf. var kjörið sem endurskoðandi Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. á aðalfundi félagsins 30. mars 2023 og er þetta annað rekstrarárið sem við endurskoðum ársreikning félagsins.

Reykjavík, 31. mars 2025

Endurskoðun BT ehf.

Guðmundur Kjartansson

endurskoðandi

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi samstæðunnar

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er sjávarútvegsfyrirtæki með fjölbreyttan rekstur og er meginstarfsemi þess vinnsla og sala á sjávarafurðum, fjárfestingarstarfsemi og nýsköpun. Félagið vinnur fiskafurðir á sjó og rak á árinu einn frystitogara, Guðmund í Nesi RE-13. Félagið framleiðir frystar fiskafurðir til útflutnings með áreiðanleika, virðingu, gæði og ábyrga og sjálfbæra nýtingu auðlinda sjávar að leiðarljósi.

Ársreikningur þessi hefur að geyma ársreikning Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. og þriggja dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar. Dótturfélög eru Sirion Seafood ApS, ÚR Innovation ehf. og Sirion Seafood Iceland ehf. og má sjá upplýsingar um aðsetur og starfsemi félaga í yfirliti yfir samstæðu í skýringu 13.

Rekstur og fjárhagsleg staða 2024

Rekstrarreikningur

Tekjur félagsins af sölu afurða til útflutnings á árinu 2024 námu 89,3 milljónum evra (2023: 81,6 milljón evra). Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi nam 3,1 milljónum evra árið 2024 (2023 : 17,4 milljónir evra). Minnkun á hagnaði ársins frá fyrra ári má að mestu rekja til minni hlutdeildar í hagnaði hlutdeildarfélagins Brims hf., en hlutdeild í afkomu minnkaði úr 27,7 milljónum evra árið 2023 niður í 17,8 milljónir evra árið 2024. Minnkun hagnaðar Brim er m.a. vegna engrar loðnuveiði. Á árinu var farið í skipulagsbreytingar á rekstri en viðvarandi taprekstur var á vinnsluhluta samstæðunnar í Reykjanesbæ. Samstæðan seldi því á árinu rekstrarfjármuni sína og vörubirgðir sem tengjast vinnslu félagsins í Reykjanesbæ. Samhliða sölunni voru langtímaskuldir þess rekstrar gerðar upp.

Efnahagsreikningur

Eignir samstæðunnar í árslok 2024 samkvæmt efnahagsreikningi námu 537,4 milljónum evra (2023: 461 milljónum evra) og skuldir námu 252,3 milljónum evra (2023: 173,1 milljónir evra). Bókfært eigið fé félagsins í árslok 2024 nam 285,1 milljónum evra (2023: 287,9 milljónir evra). Eiginfjárhlutfall félagsins nam 53% í árslok 2024 samanborið við 62,4% í árslok 2023. Breytingar á efnahagsreikningi má einna helst rekja til kaupa á aflaheimildum fyrir 53 milljónir evra auk þess sem lán félagsins voru endurfjármögnuð. Þá hefur jákvæð hlutdeildarafkoma tímabilsins áhrif til hækkunar á fjárfestingu í hlutdeildarfélagum.

Sjóðstreymi

Handbært fé til rekstrar nam um 693,1 þúsund evrur á árinu 2024 (2023: 11,4 milljónir evra til rekstrar). Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 19,1 milljónir árið 2024 (2023: jákvæðar um 7,4 milljónir evra) og skýrist breyting á fjárfestingahreyfingum einkum af kaupum í aflaheimildum á árinu. Fjármögnunarhreyfingar eru jákvæðar um 41,8 milljón evrur á árinu 2024 (2023: neikvæðar um 11,5 milljónir evra) sem skýrist fyrst og fremst á breytingu á fjármagnsskipan frá fyrra ári samhliða endurfjármögnun lána.

Meðalfjöldi ársverka á árinu 2024 nam 99 samanborið við 102 á árinu áður. Sjá upplýsingar um laun og launatengd gjöld í skýringu 5. 83% af starfsmönnum samstæðunnar eru karlar og 17% konur.

Hlutafé og samþykktir

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls EUR 5.207.064 eða kr. 649.320.836 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði. Hlutafé félagsins helst óbreytt frá fyrra ári. Hluthafar eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun.

Hluthafar

Í upphafi og lok ársins voru fimm hluthafar í félaginu:

	Hlutdeild	Nafnverð ISK
Línuskip ehf.....	46,96%	304.900.000
Stilla útgerð ehf.....	36,89%	239.502.901
Fiskines ehf.....	11,05%	71.748.346
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.....	5,09%	33.069.589
Guðmundur Kristjánsson.....	0,02%	100.000
Samtals.....	100,00%	649.320.836

Guðmundur Kristjánsson er endanlegur eigandi alls hlutafjár félagsins.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Hlutafé og samþykktir (frh.)

Eigin hlutir

Í upphafi og lok árs átti félagið eigin hluti að fjárhæð 33.069.589 ISK og er nafnverð hvers hlutar ein króna.

Ráðstöfun hagnaðar

Aðalfundur félagsins verður haldinn fyrir lok apríl 2025 í samræmi við kröfur gerðar til félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilasstöðlum. Stjórn félagsins leggur til að allt að 1,5 milljónum evra verði greiddar í arð til hluthafa á árinu 2025, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Óvissuþættir og ytra umhverfi

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. ber að hlita lögum og reglugerðum varðandi fiskveiðistjórnunarkerfið, veiðigjöld, skatta og tolla og geta ákvarðnir stjórnvalda í þessum efnum hverju sinni s.s. vegna náttúrubreytinga eða lagabreytinga haft neikvæð áhrif á rekstur, afkomu og efnahag félagsins.

Félagið býr við áhættu og óvissu vegna lokunar markaða fyrir afurðir félagsins auk markaðsáhættu, lausafjárahættu, útlánaáhættu og rekstraráhættu. Helstu áhættuþættir félagsins eru breytingar á gengi gjaldmiðla gagnvart evru, vaxtabreytingar og verðbólga auk breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þá geta loftslagsbreytingar raskað vistkerfi sjávar og haft áhrif á útbreiðslu, heimasvæði og samsetningu fisktegunda á Íslandsmiðum. Slíkar breytingar geta haft neikvæð áhrif á afkomu samstæðunnar. Félagið er bæði fjárhagslega sterkt og hefur gott aðgengi að lánsfjármagni. Félagið hefur hvorki opna gjaldmiðlaskiptasamninga né vaxtaskiptasamninga í árslok 2024. Sjá frekari upplýsingar um fjárhagslega áhættustýringu félagsins í skýringu 23.

Góðir stjórnarhættir

Stjórn félagsins leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland. Stjórn félagsins starfar eftir starfsreglum félagsins. Félagið er stofnaðili Samfélagsstefnu SFS og birtir samfélagsskýrslur árlega.

Stjórn félagsins er skipuð eftirfarandi einstaklingum: Guðmundur Kristjánsson (formaður), Hjálmar Þór Kristjánsson og Rebekka Guðmundsdóttir og er því hlutfall kvenna í stjórn 1/3 og karla 2/3.

Á heimasíðu félagsins www.urseafood.is er að finna stjórnarháttayfirlýsingu samstæðunnar þar sem frekari upplýsingar er að finna um stjórn og sjórnarhætti.

Sjálfbærni

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. leggur áherslu á virðingu og þekkingu á auðlindum sjávar og er umhugað um umhverfismál. Ísland er háð náttúruauðlindum sínum og sjálfbærni þeirra og því er varðveisla þeirra forgangsmál hjá Útgerðarfélagi Reykjavíkur hf. Félagið er meðvitað um þau áhrif sem ofveiði getur haft á bæði umhverfi og efnahagskerfi og skuldbindur sig til að umgangast auðlindir hafsins af djúpri virðingu, hvort sem er við að lágmarka kolefnisfótspor fyrirtækisins eða hámarks nýtingu og verndun fiskistofna. Félagið vinnur eftir ströngum gæðamarkmiðum og starfsreglum sem byggðar eru á áhættuþáttgreiningu (HACCP) og starfrækir félagið öflugt innra eftirlit sem tryggir öryggi og heilnæmi afurðanna.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Samkvæmt lögum um ársreikninga skulu félög sem teljast stór félög samkvæmt ákvæðum laganna veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál, stefnu í mannréttindamálum, hvernig það spornar við spillingar- og mútumálum auk stuttrar lýsingar á viðskiptalíkani félagsins og fleira. Gerð er grein fyrir stefnu og árangri félagsins í þessum málum í viðauka með ársreikningnum. Í fylgiskjalinu er jafnframt að finna upplýsingagjöf félagsins í samræmi við flokkunargerð ESB (EU Taxonomy).

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samstæðuársreikningur Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga þar sem við á.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðuársreikningurinn sé í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2024, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024. Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að skýrsla stjórnar gefi glögg yfirlit yfir um árangur i rekstri samstæðunnar, þróun og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. staðfestir hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2025

Stjórn Útgerðarfélags Reykjavíkur hf.

Guðmundur Kristjánsson
Stjórnarformaður

Hjálmar Þór Kristjánsson

Rebekka Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjóri

Runólfur Viðar Guðmundsson

Rekstrarreikningur 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur	4	89.254.607	81.600.247
Kostnaðarverð seldra vara		(85.027.127)	(78.531.023)
Framlegð		4.227.480	3.069.224
Aðrar tekjur og söluhagnaður	4	566.751	562.700
Annar rekstrarkostnaður		(7.976.759)	(4.169.050)
Rekstrartap		(3.182.528)	(537.126)
Áhrif hlutdeildarféлага	14	17.323.894	27.489.853
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	9	(12.815.547)	(11.248.508)
		4.508.347	16.241.346
Hagnaður fyrir skatta		1.325.819	15.704.220
Tekjuskattur	10	1.817.053	928.570
Hagnaður ársins		3.142.871	16.632.791
Hagnaður skiptist á eftirfarandi hátt:			
Hlutdeild meirihluta í afkomu		3.142.871	17.399.784
Hlutdeild minnihluta í afkomu		0	(766.993)
		3.142.871	16.632.791

Yfirlit um aðra heildarafkomu ársins 2024

Hagnaður ársins	3.142.871	16.632.791
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé:		
Liðir sem síðar kunna að verða færðir í rekstrarreikning		
Þýðingarmunur vegna dóttur-og hlutdeildarfélaga	265.619	(2.761.010)
Hlutdeild í þýðingarmun og áhættuvörn hlutdeildarfélaga	1.139.997	(277.332)
	1.405.616	(3.038.342)
Liðir sem munu ekki verða síðar færðir í rekstrarreikning		
Gangvirðisbreyting eignarhluta í félögum	(459.403)	52.041
Hlutdeild í endurmati hlutdeildarfélaga	1.166.766	
	707.363	52.041
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé samtals	2.112.979	(2.986.301)
Heildarafkoma ársins	5.255.850	13.646.490
Heildarafkoma skiptist á eftirfarandi hátt:		
Hlutdeild meirihluta í heildarafkomu	5.255.850	14.413.483
Hlutdeild minnihluta í heildarafkomu	-	(766.993)
	5.255.850	13.646.490

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	11	132.456.824	81.085.561
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	28.778.661	30.272.790
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	14	327.374.089	317.850.751
Eignarhlutar í öðrum félögum		4.636.506	3.385.848
		<u>493.246.080</u>	<u>432.594.950</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	15	1.501.882	10.568.560
Viðskiptakröfur	16	5.345.265	3.315.749
Kröfur á tengd félög	22	137.334	360.159
Aðrar skammtímakröfur	16	2.012.321	889.894
Handbært fé	16	35.194.355	13.260.924
		<u>44.191.157</u>	<u>28.395.285</u>
Eignir		<u>537.437.237</u>	<u>460.990.235</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	17	4.973.522	4.973.522
Yfirverðsreikningur hlutfjár	17	89.896.750	89.896.750
Lögbundinn varasjóður	18	1.282.083	1.282.083
Gangvirðisreikningur	18	(407.362)	52.041
Þýðingarmunur	18	(893.944)	(1.968.092)
Bundinn eiginfjárreikningur	18	83.568.885	73.743.020
Óráðstafað eigið fé		106.667.397	120.152.153
Eigið fé sem tilheyrir eigendum félagsins		285.087.331	288.131.477
Hlutdeild minnihluta í eigin fé		0	(280.082)
Eigið fé		<u>285.087.331</u>	<u>287.851.395</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Vaxtaberandi skuldir	19	167.086.359	96.667.197
Tekjuskattsskuldbinding	20	30.175.055	32.555.841
		<u>197.261.414</u>	<u>129.223.038</u>
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	19	22.703.860	38.763.698
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	21	29.530.350	5.048.544
Ógreiddir reiknaðir skattar	10	563.733	95.165
Skuldir við tengd félög	22	2.290.551	8.394
		<u>55.088.493</u>	<u>43.915.802</u>
Skuldir		<u>252.349.907</u>	<u>173.138.840</u>
Eigið fé og skuldir		<u>537.437.237</u>	<u>460.990.235</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartap		(3.182.528)	(537.126)
Afskriftir	7	2.076.865	2.203.618
(Söluhagnaður), sölutap eigna		2.675.713	(221.849)
		<hr/>	<hr/>
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		1.570.050	1.444.643
Vörubirgðir, lækkun, (hækkun)		9.072.562	(462.461)
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun		(3.107.763)	1.549.298
Rekstrartengdar skuldir, (lækkun)		(697.408)	(6.348.478)
		<hr/>	<hr/>
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		6.837.442	(3.816.997)
Innborgaðir vextir og arður		670.799	1.067.396
Greiddir vextir		(8.134.769)	(7.590.248)
Innborgaður gengismunur		28.575	(682.743)
Greiddur tekjuskattur		(95.165)	(379.549)
		<hr/>	<hr/>
Handbært fé til rekstrar		(693.118)	(11.402.140)
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptar óefnislegar eignir	25	(26.315.115)	(1.394.254)
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	25	(1.626.532)	(3.143.783)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir			430.133
Arður frá hlutdeildarfélagi		11.442.063	16.097.881
Hreint sjóðstreymi vegna sölu á dótturfélagi			(576.281)
Keyptur eignarhluti í hlutdeildarfélagi		(1.339.725)	(2.925.649)
Keyptur eignarhluti minnihluta		(83.836)	
Kaup á eignarhluta í öðrum félögum		(1.217.096)	(1.381.948)
Lækkun á kröfum á tengd félög			328.616
		<hr/>	<hr/>
		(19.140.241)	7.434.715
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður		(8.300.000)	(17.520.211)
Nýjar langtímaskuldir		114.721.373	27.187.440
Afborganir langtímaskulda		(61.089.542)	(26.051.711)
Breyting á víxilskuld		(3.564.483)	4.881.680
		<hr/>	<hr/>
		41.767.348	(11.502.802)
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		21.933.990	(15.470.226)
Handbært fé í upphafi árs		13.260.924	28.735.967
Áhrif gengisumreiknings á handbært fé		(559)	(4.817)
		<hr/>	<hr/>
Handbært fé í lok árs		35.194.355	13.260.924

Yfirlit um eigið fé 31. desember 2024

	Annað bundið eigið fé								
	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Gangvirðis- reikningur	Þýðingar- munur	Bundinn eiginfjár- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
1. janúar 2023	4.973.522	89.896.750	1.282.083		1.116.029	67.442.810	143.642.579		308.353.773
Hagnaður ársins.....							17.399.784	(766.993)	16.632.791
Hlutdeild i eiginfj.liðum hlutd.félags.....				212.768	(1.439.098)	(1.321.912)			(2.548.242)
Gangvirðisreikningur eignarhluta.....				(160.727)					(160.727)
Þýðingarmunur.....					(277.332)				(277.332)
Heildarafkoma ársins.....	0	0	0	52.041	(1.716.430)	(1.321.912)	17.399.784	(766.993)	13.646.490
Fært út við samruna.....					(1.731.902)	(3.489.910)	5.221.812		0
Fært út við sölu.....					364.211	(785.708)	785.708		364.211
Óinnleystar hlutdeildartekjur.....						11.897.736	(11.897.736)		0
Hlutdeild minnihluta við yfirtöku á dótturfélagi...								486.911	486.911
Greiddur arður.....							(35.000.000)		(35.000.000)
1. janúar 2024	4.973.522	89.896.750	1.282.083	52.041	(1.968.092)	73.743.020	120.152.153	(280.082)	287.851.395
Hagnaður ársins.....							3.142.871	0	3.142.871
Hlutdeild i eiginfj.liðum hlutd.félags.....				(428.182)	808.530	1.498.233			1.878.581
Gangvirðisreikningur eignarhluta.....				(31.221)					(31.221)
Þýðingarmunur.....					265.619				265.619
Heildarafkoma ársins.....				(459.403)	1.074.149	1.498.233	3.142.871	(0)	5.255.851
Óinnleystar hlutdeildartekjur.....						8.327.632	(8.327.632)		0
Hlutdeild minnihluta við yfirtöku á dótturfélagi...								280.082	280.082
Greiddur arður.....							(8.300.000)		(8.300.000)
31. desember 2024	4.973.522	89.896.750	1.282.083	(407.362)	(893.944)	83.568.885	106.667.397	(0)	285.087.331

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. (félagið) er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Fiskislóð 14, 101 Reykjavík.

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er sjávarútvegsfyrirtæki með fjölbreyttan rekstur og er meginstarfsemi félagsins og dótturfélaga þess kaup og sala á sjávarafurðum, fjárfestingarstarfsemi og nýsköpun.

Ársreikningur þessi hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar. Yfirlit yfir samstæðu Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. ásamt upplýsingum um aðsetur og meginstarfsemi dótturfélaga má sjá í skýringu 13.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að eignarhlutur í skráðum sjóðum eru færðir á gangvirði. Samstæðuársreikningurinn er gerður í evrum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem mat stjórnenda og reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 11 - mat á endurheimtanlegum fjárhæðum fiskveiðiheimilda
- Skýring 12 - mat á líftíma varanlegra rekstrarfjármuna
- Skýring 14 - mat á endurheimtanlegu virði hlutdeildarfélaga

4. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á innri upplýsingagjöf og skipulagi samstæðunnar. Samstæðan skiptist í tvo starfspáttayfirlit, Útgerð & sala sjávarafurða og Fjárfesting í sjávarútvegi.

2024

	Útgerð & sala sjávarafurða	Fjárfesting í sjávarútvegi	Samtals
Rekstrartekjur	89.254.607		89.254.607
Kostnaðarverð seldra vara	(85.027.127)		(85.027.127)
Framlegð	4.227.480		4.227.480
Aðrar tekjur og söluhagnaður	566.751		566.751
Annar rekstrarkostnaður	(6.336.395)	(1.640.364)	(7.976.759)
Rekstrarhagnaður	(1.542.164)	(1.640.364)	(3.182.528)
Áhrif hlutdeildarfélaga		17.323.894	17.323.894
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			(12.815.547)
Hagnaður fyrir skatta			1.325.818
Tekjuskattur			1.817.053
Hagnaður ársins			3.142.872
Varanlegir rekstrarfjármunir	28.778.661		28.778.661
Aflaheimildir	132.456.824		132.456.824
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum		327.374.089	327.374.089
Eignahlutir í öðrum félögum	2.270.418	2.366.088	4.636.506
Óskiptar eignir			48.827.663
Óskiptar skuldir			(252.349.907)

Skýringar

4. Starfspáttayfirlit (frh.)

2023

	Útgerð & sala sjávarafurða	Fjárfesting í sjávarútvegi	Samtals
Rekstrartekjur	81.600.247		81.600.247
Kostnaðarverð seldra vara	(78.531.023)		(78.531.023)
Framlegð	3.069.224		3.069.224
Aðrar tekjur og söluhagnaður	562.700		562.700
Annar rekstrarkostnaður	(2.562.639)	(1.606.411)	(4.169.050)
Rekstrarhagnaður	1.069.285	(1.606.411)	(537.126)
Áhrif hlutdeildarféлага		27.489.853	27.489.853
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			(11.248.508)
Hagnaður fyrir skatta			15.704.220
Tekjuskattur			928.570
Hagnaður ársins			16.632.791
Varanlegir rekstrarfjármunir	30.272.790		30.272.790
Aflaheimildir	79.395.555		79.395.555
Fjárfesting í hlutdeildarfélagum		317.850.751	317.850.751
Eignahlutir í öðrum félögum	2.164.631	1.221.217	3.385.848
Óskiptar eignir			33.471.139
Óskiptar skuldir			(173.138.840)

Útgerð og sala sjávarafurða

Til tekna hjá útgerð og sölu sjávarafurða telst sala útgerðar og sölufrýrtækis á sjávarafurðum sem og kvótaleiga en kostnaður samanstendur fyrst og fremst af hráefniskostnaði og rekstri frystitogara s.s. laun og launatengd gjöld sjómanna, veiðarfæri, veiðigjöld og olía sem og stjórnunarkostnaður.

Fjárfesting í sjávarútvegi

Um er að ræða fjárfestingu í félögum í sjávarútvegi. Tekjur fela fyrst og fremst í sér hlutdeild í afkomu og gjöld samanstanda af stjórnunarkostnaði.

Rekstrartekjur sundurliðast á eftirfarandi hátt á landsvæði:

	2024	2023
Evrópa	57.478.440	53.172.517
Asía	28.033.288	25.422.807
Annað	3.742.879	3.004.922
	89.254.607	81.600.246

Rekstrartekjur samstæðunnar eru af samningum við viðskiptavinum, og falla undir gildissvið IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavinum. Nánari upplýsingar um tímasetningu tekjufærslu og eðli rekstrartekna er að finna í skýringu 27.

Aðrar tekjur 2024 samanstanda fyrst og fremst af útleigu fasteigna og þjónustutekjum. Leigutekjur námu um 154,9 þúsund evrum og aðrar tekjur um 411 þúsund evrur (2023: nettó söluhagnaður 221,9 þúsund evrur, leigutekjur um 152,7 þúsund evrur og aðrar tekjur um 188 þúsund evrur).

Skýringar

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2024	2023
Laun	12.802.854	13.026.079
Lífeyrissjóður	1.636.377	1.444.115
Önnur launatengd gjöld	1.896.406	1.951.634
	<u>16.335.637</u>	<u>16.421.828</u>

Laun og annar starfsmannakostnaður skiptist á rekstrarliði á eftirfarandi hátt:

Kostnaðarverð seldra vara	13.868.887	14.059.482
Annar rekstrarkostnaður	2.466.750	2.362.346
	<u>16.335.637</u>	<u>16.421.828</u>

Stöðugildi að meðaltali

	99	102
--	----	-----

6. Annar rekstrarkostnaður

	2024	2023
Laun og launatengd gjöld	2.466.750	2.362.346
Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna	135.395	(45.393)
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	517.911	609.993
Annar kostnaður þ.m.t. sölutap	4.856.703	1.242.104
	<u>7.976.759</u>	<u>4.169.050</u>

7. Afskriftir

	2024	2023
Afskriftir fastafjármuna sbr. skýring 12	1.972.296	2.015.840
Afskriftir viðskiptasambanda sbr. skýring 11	104.569	187.778
	<u>2.076.865</u>	<u>2.203.618</u>

Afskriftum er úthlutað á liði rekstrarreiknings sem hér segir:

	2024	2023
Kostnaðarverð seldra vara	1.558.954	1.593.625
Annar rekstrarkostnaður	517.911	609.993
	<u>2.076.865</u>	<u>2.203.618</u>

8. Þóknun til endurskoðanda

	2024	2023
Endurskoðun ársreiknings og könnun endurskoðanda móðurfélags og samstæðu	114.681	45.785
Endurskoðun ársreiknings og könnun fyrrum endurskoðanda móðurf. og samstæðu ..		77.705
Önnur þjónusta fyrrum endurskoðanda móðurfélags og samstæðu		28.517
Endurskoðun ársreiknings endurskoðenda dótturfélaga	37.686	41.055
Önnur þjónusta endurskoðenda dótturfélaga	17.717	20.320
	<u>170.084</u>	<u>213.382</u>

Skýringar

9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2024	2023
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	664.673	1.013.036
Arður af hlutabréfaeign	5.900	3.307
Vaxtatekjur frá tengdum félögum	0	185.582
	<u>671.569</u>	<u>1.202.877</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld og verðbætur af skuldum við lánastofnanir	(9.947.795)	(10.738.817)
Gangvirðisbreyting hlutabréfa	0	(17.541)
Önnur vaxtagjöld	(289.550)	(676.135)
	<u>(10.237.345)</u>	<u>(11.432.493)</u>
Gengistap	<u>(3.249.772)</u>	<u>(1.018.892)</u>
	<u>(12.815.547)</u>	<u>(11.248.508)</u>

10. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í samstæðuársreikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi 1.817,1 þúsund evra (2023: tekjufærsla 928,6 þúsund evra). Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2025 vegna erlendrar starfsemi nemur 563,7 þúsund evrum (31.12.23 : 95 þúsund evrum), hins vegar kemur ekki til greiðslu tekjuskatts á árinu 2025 vegna innlendrar starfsemi.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:	2024		2023	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	1.325.819		15.704.220	
Skatthlutfall	(278.422)	21,0%	(3.140.844)	20,0%
Áhrif af mismunandi skatthlutfalli	(31.906)	(2,4%)	(630.057)	(4,0%)
Fenginn arður	1.239	0,1%	661	0,0%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	3.638.018	274,4%	5.497.971	35,0%
Ófærð tekjuskattsinneign	(1.303.379)	(98,3%)	(613.595)	(3,9%)
Aðrir liðir	(208.496)	(15,7%)	(185.565)	(1,2%)
Tekjuskattur skv. rekstrarreikn.	<u>1.817.053</u>	137,1%	<u>928.571</u>	5,9%

11. Óefnislegar eignir

	31.12.2024	31.12.2023
Bókfært verð í ársbyrjun	81.085.561	79.395.555
Eignfært á árinu	53.061.269	
Viðskiptasambönd við yfirtöku		1.877.784
Afskrift viðskiptasambanda	(104.569)	(187.778)
Fært út við sölu eigna	<u>(1.585.437)</u>	
Bókfært verð í árslok	<u>132.456.824</u>	<u>81.085.561</u>
Óefnislegar eignir sundurliðast á eftirfarandi hátt:		
	<u>31.12.2024</u>	<u>31.12.2023</u>
Viðskiptasambönd		1.690.006
Fiskveiðiheimildir	<u>132.456.824</u>	<u>79.395.555</u>
	<u>132.456.824</u>	<u>81.085.561</u>

Í árslok keypti ÚR krókaflaheimildir samanber sundurliðun í skýringu hér að aftan og auk þess 0,777% aflahlutdeild í usfa.

11. Óefnislegar eignir (frh.)

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega í samræmi við IAS 36 þar sem endurheimtanleg fjárhæð er borin saman við bókfært verð. Lagt er mat á endurheimtanlega fjárhæð fiskveiðiheimilda útfrá áætluðu söliverði að frádregnum sölukostnaði. Endurheimtanleg fjárhæð byggir á úthlutaðu magni samkvæmt Fiskistofu fyrir fiskveiðitímabilið sem hófst 1. september 2024 og áætluðu viðmiðunarverði viðkomandi tegunda á grundvelli nýlegra viðskipta með aflahlutdeild þessara tegunda. Stjórnendur telja að viðskipti með aflahlutdeild viðkomandi tegunda séu reglubundin og í nægilegu magni til að verðupplýsingar séu áreiðanlegar og uppfylli kröfur IFRS 13 um virkan markað. Metið endurheimtanlegt virði aflaheimilda félagsins er verulega umfram bókfært verð.

Úthlutaðar aflaheimildir til fiskiskipa Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. fiskveiðiárið 2024/2025 miðað við slægðan fisk:

	Aflahlutdeild í prósentum 2024/2025	Úthlutað aflamark í þorskíg.kg*	Óveitt aflamark í þorskíg.kg 31.12.2024	Óveitt aflamark í þorskíg.kg 31.12.2023
Þorskur.....	0,300%	504.286	581.029	269.511
Ýsa.....	1,504%	576.819	76.443	681.806
Ufsi.....	5,105%	1.536.780	2.183.673	1.318.646
Karfi/gullkarfi.....	10,217%	2.470.084	1.759.672	1.407.665
Djúpkarfi.....	18,311%	434.894	300.183	9.171
Langa.....	2,265%	56.277		
Keila.....	3,784%	49.770	60.075	42.783
Skötuselur.....	0,090%	170	195	220
Grálúða.....	20,000%	3.375.673	2.534.680	4.088.953
Steinbítur.....	1,842%	69.228	68.470	50.766
Hlýri.....	3,853%	6.230	4.281	4.496
Blálanga.....	5,121%	5.006		
Gulllax.....	27,178%	821.266	998.929	999.721
Litli Karfi.....	30,837%	34.895	40.065	48.296
Skarkoli.....	3,482%	217.500	217.257	159.342
Þykkvalúra.....	3,777%	42.185	29.049	27.610
Skráplúra.....	0,525%			
Langlúra.....	0,176%	1.401	1.579	
Sandkoli.....	0,101%	108	108	
Úthafsraekja.....	6,282%	218.723	255.039	236.127
Rækja við Snæfellsnes.....	6,282%	19.194	22.074	
		<u>10.440.490</u>	<u>9.132.800</u>	<u>9.345.113</u>

*Úthlutun miðast við aflahlutdeild félagsins eins og hún var við úthlutun 1. september 2024.

Úthlutaðar krókaaflaheimildir til fiskiskipa Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. fiskveiðiárið 2024/2025

Krókaafhlutdeild*	Krókaafhlutdeild í prósentum 2024/2025	Úthlutað krókaaflamark í þorskíg.kg.	Óveitt krókaaflamark í þorskíg.kg 31.12.2024	Óveitt krókaaflamark í þorskíg.kg 31.12.2023
Þorskur.....	0,676%		723.741	
Ýsa.....	0,561%		138.641	
Ufsi.....	0,134%		74.596	
Karfi/gullkarfi.....	0,010%		4.793	
Steinbítur.....	1,052%		39.886	
Keila.....	0,349%		37.055	
Langa.....	0,152%		0	
Blálanga.....	0,013%		11	
Hlýri.....	0,605%		829	
			<u>1.019.552</u>	
Veiðiheimildir samtals		<u>10.440.490</u>	<u>10.152.352</u>	<u>9.345.113</u>

*Félagið eignaðist ofangreinda krókaafhlutdeild og krókaaflamark með kaupsamningi dags. 27. desember 2024.

Skýringar

11. Óefnislegar eignir (frh.)

Úthlutun aflaheimilda fer fram árlega í samræmi við ákvæði laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Sjávarútvegsráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum frá Hafrannsóknarstofnun, þann heildarafla sem veiða má úr nytjastofnun í íslenskri fiskveiðilögsögu sem nauðsynlegt er að takmarka veiðar á.

Úthlutun botnfiskheimilda miðast almennt við úthlutun í september ár hvert.

Útreikningur á þorskígildi miðast við margföldunarstuðla sem sjávarútvegsráðuneyti reiknar og gefur út ár hvert í samræmi við lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006.

12. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fiskiskip, bátur og búnaður	Fasteignir	Vélar, innréttingar bifreiðar og tæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2023	26.998.217	17.009.146	3.214.582	47.221.945
Eignfært á árinu			3.101.248	3.101.248
Selt og aflagt á árinu			(366.687)	(366.687)
Fært út við arðgreiðslu til hluthafa		(11.566.049)	(2.077.247)	(13.643.296)
Staða 1.1.2024	26.998.217	5.443.097	3.871.896	36.313.210
Eignfært á árinu		2.849.201	301.265	3.150.466
Selt og aflagt á árinu			(3.264.194)	(3.264.194)
Staða 31.12.2024	26.998.217	8.292.298	908.967	36.199.482
Afskriftir				
Staða 1.1.2023	3.226.222	3.938.543	2.418.030	9.582.795
Afskrift ársins	1.341.701	272.154	401.985	2.015.840
Selt og aflagt á árinu			(52.403)	(52.403)
Fært út við arðgreiðslu til hluthafa		(3.541.063)	(1.964.750)	(5.505.813)
Staða 1.1.2024	4.567.923	669.634	802.862	6.040.420
Afskrift ársins	1.349.230	272.550	350.516	1.972.296
Selt og aflagt á árinu			(591.894)	(591.894)
Staða 31.12.2024	5.917.153	942.184	561.484	7.420.822
Bókfært verð				
Staða 1.1.2023	23.771.995	13.070.603	796.552	37.639.148
Staða 1.1.2024	22.430.294	4.773.463	3.069.034	30.272.790
Staða 31.12.2024	21.081.064	7.350.114	347.483	28.778.661
Afskriftarhlutföll	5-10%	4-6%	15-20%	

Opinbert mat skips og fasteigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Guðmundur í Nesi RE-13		35.024.322	20.465.164
Fasteignir	5.648.367	5.890.424	7.350.114
	5.648.367	40.914.746	27.815.277

Skýringar

13. Félög í samstæðu

	Eignarhlutur	Aðsetur	Meginstarfsemi
ÚR-innovation ehf., Ísland	100%	Ísland	Eignarhaldsfélag
Sirion Seafood Iceland ehf., Ísland	100%	Ísland	Sölustarfsemi
Sirion Seafood ApS, Danmörk	100%	Danmörk	Sölustarfsemi

Félagið keypti á árinu 25% viðbótarhlut í Sirion Seafood Iceland ehf. (áður Premium of Iceland ehf.) og á því 100% í félaginu í árslok.

14. Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

	Eignarhlutur	Bókfært verð 31.12.2024	Bókfært verð 31.12.2023	Hlutdeild í afkomu 2024	Hlutdeild í afkomu 2023
Brim hf.	43,96%	316.376.775	309.294.197	17.810.875	27.672.660
OK eignarhaldsfélag ehf.	25,00%	5.563.757	5.373.006	(53.060)	(220.603)
Zym Ice ehf.	40,00%	5.433.557	3.183.548	(433.921)	37.796
		327.374.089	317.850.751	17.323.894	27.489.853

Eignarhlutur í Brim hf. er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð í reikningsskilum Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. Bókfært verð eignarhutarins í árslok nemur 316,4 milljónum evra en skráð markaðsverð hlutarins nemur 442,2 milljónum evra á reikningsskiladegi. Nánari upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu Brim hf. má finna í ársreikningi félagsins á www.brim.is.

15. Vörubirgðir

	31.12.2024	31.12.2023
Afurðir	887.563	9.274.945
Rekstrarvörur	393.680	481.197
Veifarferi	220.639	373.117
	1.501.882	10.568.560

16. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2024	31.12.2023
Viðskiptakröfur		
Nafnverð viðskiptakrafna	3.656.200	3.343.662
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(173.221)	(27.914)
	5.345.265	3.315.749

Sjá skýringu nr. 23 um fjárhagslega áhættu í tengslum við umfjöllun um vænt útlánatap viðskiptakrafna.

	31.12.2024	31.12.2023
Aðrar skammtímakröfur		
Virðisaukaskattur	382.155	479.238
Fyrirframgreiddur kostnaður	1.294.170	11.870
Fjármagnstekjuskattur	127.776	210.689
Næsta árs afborgun skuldabréfa og langtímakr.	106.439	168.079
Aðrar kröfur	101.781	20.018
	2.012.321	889.894

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2024	31.12.2023
Bankainnstæður í íslenskum krónum	3.167.262	2.827.044
Bankainnstæður í erlendri mynt	32.027.093	10.433.880
	35.194.355	13.260.924

17. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er kr. 649.320.836 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Fjárhæð heildarhlutfjár er óbreytt frá fyrra ári. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 33 milljónum króna sem færð eru til lækkunar á eigin fé. Útstandandi hlutir í árslok eru 616,2 milljónir króna og eru þeir allir greiddir. Hluthafar eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun.

Yfirverðsreikningur hlutfjár

Á yfirverðsreikning hlutfjár er færð fjárfesting hluthafa í félaginu umfram nafnverð hlutfjár sem félagið hefur selt.

18. Annað bundið eigið fé

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutfélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í varasjóði. Tillag í varasjóð skal nema a.m.k. 10% af hagnaði þar til hlutfall varasjóðs nemur 10% af nafnverði hlutfjár, en eftir það er tillagið a.m.k. 5% af hagnaði þar til hlutfall varasjóðs nemur 25% af nafnverði hlutfjár. Í árslok var hlutfall varasjóðs af hlutfé 25%.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur er gengismunur sem er tilkominn vegna þess að dóttur-og hlutdeildarfélag Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. eru með aðra starfrækslumynt en móðurfélagið.

Gangvirðisreikningur

Gangvirðisreikningur er færður í tengslum við fjárfestingar samstæðunnar og hluteildarfélags í eignarhlutum í öðrum félögum sem færðir eru á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu.

Bundinn eiginfjárreikningur

Bundinn eiginfjárreikningur er tilkominn vegna hlutdeildatekna umfram móttekna arðgreiðslur í samræmi við 5. mgr. 41. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Hlutdeild í öðrum eiginfjárliðum hlutdeildarfélags s.s. áhættuvörn er jafnframt færð á bundinn eiginfjárreikning auk þess sem meðtalið á bundnum eiginfjárreikning er sérstakt endurmat á fasteignum hjá hlutdeildarfélagi að fjárhæð 1,2 milljónir evra.

19. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir sundurliðast þannig:

	<u>31.12.2024</u>	<u>31.12.2023</u>
Skuldir við lánastofnun í ISK		1.386.604
Skuldir við lánastofnun í EUR	112.485.216	61.287.812
Skuldabréf í ISK	<u>62.515.980</u>	<u>55.072.272</u>
Samtals vaxtaberandi langtímaskuldir	175.001.196	117.746.688
Næsta árs afborganir langtímaskulda	<u>(7.914.837)</u>	<u>(21.079.491)</u>
Vaxtaberandi langtímaskuldir í árslok	<u><u>167.086.359</u></u>	<u><u>96.667.197</u></u>

Eignir félagsins eru veðsettar fyrir langtímaskuldum, sjá nánar í skýringu 24.

Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda greinast þannig:

Næsta árs afborganir	7.914.837	21.079.491
Afborganir 2026 / 2025	29.130.606	42.863.795
Afborganir 2027 / 2026	23.394.004	3.439.731
Afborganir 2028 / 2027	39.206.201	18.689.731
Afborganir 2029 / 2028	75.355.548	31.280.455
Afborganir síðar		393.485
	<u>175.001.196</u>	<u>117.746.688</u>

Vaxtaberandi skammtímaskuldir greinast þannig:

	<u>31.12.2024</u>	<u>31.12.2023</u>
Næsta árs afborganir	7.914.837	21.079.491
Yfirdráttur		57.618
Víxilskuld	<u>14.789.023</u>	<u>17.626.589</u>
	<u>22.703.860</u>	<u>38.763.698</u>
Samtals vaxtaberandi langtíma- og skammtímaskuldir	<u>189.790.219</u>	<u>135.430.895</u>

Hreyfingar á vaxtaberandi skuldum greinast þannig:

	<u>2024</u>	<u>2023</u>
Staða í upphafi árs	135.430.895	125.019.705
Tekin lán	114.815.930	32.311.404
Yfirtekin lán vegna dótturfélags		359.835
Afborganir lána	(65.805.371)	(26.051.711)
Verðbætur	1.913.553	3.175.681
Þýðingarmunur	3.435.212	615.981
Staða í lok árs	<u>189.790.219</u>	<u>135.430.895</u>

Vegnir meðalvextir vaxtaberandi skulda eru eftirfarandi:

5,84%

5,87%

20. Tekjuskattseign/(-skuldbinding)

	Tekjuskattsskuldbinding	
	2024	2023
Staða 1.1.	(32.555.841)	(33.579.576)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	1.817.053	928.570
Tekjuskattur til greiðslu	563.733	95.165
Staða 31.12	<u>(30.175.055)</u>	<u>(32.555.841)</u>

Tekjuskattseign/(-skuldbinding) greinast þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	Tekjuskattsskuldbinding	
	31.12.2024	31.12.2023
Óefnislegar eignir	(26.221.119)	(15.620.717)
Varanlegir rekstrarfjármunir	(4.419.516)	(4.739.724)
Frestaður söluhagnaður	0	(13.053.857)
Aðrir liðir	465.580	(98.683)
Yfirfæranalegt tap		957.140
	<u>(30.175.055)</u>	<u>(32.555.841)</u>

21. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Viðskiptaskuldir.....	1.750.132	3.382.174
Ógreidd laun og launatengd gjöld.....	1.280.382	1.225.911
Ógreiddir áfallnir vextir.....	430.137	430.531
Aðrar skuldir.....		9.929
Ógreiddar eftirstöðvar kaupverðs.....	26.069.698	
	<u>29.530.350</u>	<u>5.048.544</u>

22. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint. Á meðal tengdra aðila samstæðunnar eru eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélag (skýring 14). Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Staða og viðskipti milli fyrirtækisins og dótturfélaga þess, sem eru tengdir aðilar, hafa verið felld út við gerð samstæðu og eru því ekki tilgreind í skýringunni. Viðskipti milli samstæðunnar og aðila tengdum henni eru birt hér að neðan.

Viðskipti við tengd félög árið 2024:	Kaup eigna, þjónustu og afurða	Seld þjónusta og afurðir	Kröfur	Skuldir
Brim samstæða	33.999	29.915.624	1.862.317	
AP Group	36.766.468	125.910		
Aðrir tengdir aðilar	4.598.338	104.750	3.032	2.290.551
	<u>41.398.805</u>	<u>30.146.284</u>	<u>1.865.349</u>	<u>2.290.551</u>
Viðskipti við tengd félög árið 2023:	Keypt þjónusta og afurðir	Seld þjónusta og afurðir	Kröfur	Skuldir
Brim samstæða	160.319	26.702.538	217.852	
AP Group	33.373.562	128.073		1.444
Aðrir tengdir aðilar	862.759	715.632	142.307	6.949
	<u>34.396.640</u>	<u>27.546.243</u>	<u>360.159</u>	<u>8.394</u>

Viðskiptastöður við samstæðu Brim og AP Group eru framsettar meðal viðskiptakrafna og viðskiptaskulda í samstæðuársreikningi. Viðskiptastöður við aðra tengda aðila eru sérgreindar í efnahagsreikningi meðal krafna og skulda við tengda aðila.

Laun og hlunnindi stjórnenda og stjórnar námu 1.179 þúsund evra á árinu 2024 (2023: 1.264 þúsund evra).

23. Fjárhagsleg áhættustýring

Samstæðan stýrir fjármagni sínu þannig að hún viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og hún hámarkar arðsemi hagaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár.

Stjórnendur samstæðunnar fylgjast með og greina fjárhagslega áhættu í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Eftirfarandi áhættur hafa verið greindar vegna fjármálagerninga.

- Markaðsáhætta
- Útlánaáhætta
- Lausafjárahætta
- Rekstraráhætta

Hér að neðan eru veittar upplýsingar um ofangreinda áhættuþætti ásamt stefnu, markmiðum og aðferð samstæðunnar til að lágmarka og stýra áhættunni.

Markaðsáhætta

Helstu áhættuþættir félagsins eru breytingar á gengi gjaldmiðla gagnvart evru, vaxtabreytingar og breytingar á gengi hlutabréfa og áhrif slíkra breytinga á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í eignarhlutum í hlutdeildarfélagum. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlaáhætta

Hluti af fjáreignum og fjárskuldum samstæðunnar er í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli samstæðunnar og ber samstæðan áhættu vegna breytinga á gengi viðkomandi gjaldmiðla gagnvart evru. Samstæðan reynir að lágmarka gjaldmiðlaáhættu í gegnum eftirlit með gengisþróun og með viðeigandi samsetningu fjáreigna og fjárskulda í helstu viðskiptamyntum. Stór hluti af fjáreignum og fjárskuldum félagsins er í dönskum krónum, s.s. langtímakröfur og næsta árs afborganir krafna á tengda aðila en gengi dönsku krónunnar er fest við gengi evru og myndast því ekki gengisáhætta á milli þessara tveggja mynta. Í árslok voru engir gjaldmiðlaskiptasamningar útistandandi.

Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Gengi þeirra og staða miðast við lokagengi tímabilsins.

31. desember 2024:	Gengi	Eignir	Skuldir	Hrein staða
USD	0,960	2.790.915	333.197	2.457.718
ISK	0,007	6.917.728	107.563.416	(100.645.688)
JPY	0,006	436.918	1.843	435.075
Aðrar myntir		740.861	92.279	648.582
		<u>10.886.422</u>	<u>107.990.735</u>	<u>(97.104.313)</u>
31. desember 2023:	Gengi	Eignir	Skuldir	Hrein staða
USD	0,905	6.019.679	368.945	5.650.735
ISK	0,007	1.884.829	76.785.787	(74.900.958)
JPY	0,006	65.884	112.431	(46.547)
Aðrar myntir		1.549.022	1.578.604	(29.582)
		<u>9.519.414</u>	<u>78.845.767</u>	<u>(69.326.353)</u>

23. Fjárhagsleg áhættustýring (frh.)

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi evru gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá stöðu eigna og skulda í erlendum myntum sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Greiningin tekur ekki tillit til skattaáhrifa og var unnin með sama hætti fyrir samanburðartímabilið. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi evru gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé:	31.12.2024		31.12.2023	
	5%	10%	5%	10%
USD	122.886	245.772	282.537	565.073
ISK	(5.032.284)	(10.064.569)	(3.745.048)	(7.490.096)
JPY	21.754	43.508	(2.327)	(4.655)
Aðrar myntir	32.429	64.858	(1.479)	(2.958)
	<u>(4.855.216)</u>	<u>(9.710.431)</u>	<u>(3.466.318)</u>	<u>(6.932.635)</u>

Vaxta- og verðbólguáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðstreymi fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhætta myndast þar sem að hluti langtímaskulda samstæðunnar ber breytilega vexti. Verðbólga hefur áhrif á verðtryggð lán samstæðunnar en þau nema um 41,8 milljónum evra í árslok 2024 (31.12.2023: 40,4 milljónir evra). Þá geta verðbólguvæntingar jafnframt haft áhrif á vaxtastig og þar með fjármagnsliði samstæðunnar. Áhættunni eru stjórnað með eftirliti með vaxtaþróun og viðeigandi blöndu af lánnum með föstum og breytilegum vöxtum.

Af vaxtaberandi skuldum félagsins bera 112,5 milljónir evra breytilega vexti (31.12.2023: 62,7 milljónir evra) og 77,3 milljónir evra fasta vexti (31.12.2023: 72,7 milljónir evra).

Vaxtakjör á lántökum samstæðunnar koma fram í skýringu 19 fyrir vaxtaberandi skuldir.

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin endurspeglar þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé án skattaáhrifa.

Áhrif á afkomu og eigið fé	31.12.2024		31.12.2023	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
	<u>(387.399)</u>	<u>(774.797)</u>	<u>(247.067)</u>	<u>(494.135)</u>

Gangvirði

Það er mat stjórnenda samstæðunnar að mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda sé óverulegur.

23. Fjárhagsleg áhættustýring (frh.)

Útlánaáhætta

Í utlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að samstæðan tapar á fjármálagerningum sínum. Stjórnendur fylgjast reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu og hafa sett útlánareglur hvað varðar samþykki og gjaldfresti nýrra viðskiptavina og fara fram á greiðslufallstryggingu til að lágmarka lánsáhættu. Þær útlánareglur eru yfirfarnar reglulega til að endurspegla breyttar aðstæður mótaðila.

Hámarksútlánaáhætta er sú bókfærða staða sem er sundurliðuð hér að neðan:

	31.12.2024	31.12.2023
Lán og kröfur á tengd félög	137.334	360.159
Viðskiptakröfur	5.345.265	3.315.749
Aðrar skammtímakröfur (án fyrirframgreiðslna)	718.151	878.024
Handbært fé	35.194.355	13.260.924
	<u>41.395.105</u>	<u>17.814.856</u>

Niðurfærsla vegna lána til tengdra félaga er metin sérstaklega fyrir hvern aðila, enda góð þekking og aðgengi að upplýsingum um fjárhagslega stöðu viðkomandi aðila. Niðurfærslan nam 148,8 þúsund evra í árslok 2024 (31:12:2023 139 þúsund evra).

Um 79% (2023: 76%) af tekjum samstæðunnar eru vegna sölu á sjávarafurðum til 8 stærstu viðskiptavinanna. Í ljósi þess að langstærstur hluti viðskiptakrafna er á fáa aðila, meta stjórnendur niðurfærslu sérstaklega fyrir hvern viðskiptamann. Niðurfærsla viðskiptakrafna nam 173,2 þúsundum evra árið 2024 og 27,9 þúsund evrum í árslok 2023.

Ekki er færð niðurfærsla vegna útlánaáhættu tengdri handbæru fé þar sem um er að ræða bankainnstæður hjá traustum fjármálastofnunum þar sem útlánaáhætta er talin óveruleg. Þá er ekki færð niðurfærsla vegna annarra skammtímakrafna þar sem um er að ræða óverulegar upphæðir og útlánaáhætta er talin takmörkuð.

Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem samstæðan gæti orðið fyrir vegna þess að hún getur ekki staðið við skuldbindingar sínar innan tilskilinna gjaldfresta. Stjórnendur fylgjast með lausafjárstöðu með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að tryggja að samstæðan geti endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á samstæðuna.

Handbært fé samstæðunnar nam 35,2 milljónum evra í árslok 2024 og veltufjárhlutfall samstæðunnar var 0,8 í árslok 2024 (31.12.2023: 0,65). Félagið fjámagnar sig að hluta með útgáfu víxla, sem eru með gjalddaga eftir 3-6 mánuði frá útgáfu. Vixlaútgáfan hefur verið til skamms tíma og á gjalddaga hefur ný vixlaútgáfa verið gefin út til endurfjármögnunar. Félagið hefur í hvqqiu að halda áfram að hafa hluta fjármögnunar með þeim hætti.

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum eru eftirfarandi:

Skuldir 31. desember 2024:	Samingsbundið			2027	
	Bókfært verð	sjóðstreymi	Innan árs	2026	eða síðar
Langtímaskuldir	175.001.196	218.256.900	21.165.360	40.132.313	156.959.227
Víxilskuld	14.789.023	15.149.409	15.149.409		
Viðskiptaskuldir	1.750.132	1.750.132	1.750.132		
Aðrar skammtímaskuldir	27.780.217	27.780.217	27.780.217		
	<u>219.320.568</u>	<u>262.936.658</u>	<u>65.845.118</u>	<u>40.132.313</u>	<u>156.959.227</u>

Skuldir 31. desember 2023:	Samingsbundið			2026	
	Bókfært verð	sjóðstreymi	Innan árs	2025	eða síðar
Langtímaskuldir	117.804.306	130.779.589	26.600.567	45.353.195	58.825.827
Víxilskuld	17.626.589	18.074.500	18.074.500		
Viðskiptaskuldir	3.382.174	3.382.174	3.382.174		
Aðrar skammtímaskuldir	1.666.371	1.666.371	1.666.371		
	<u>140.479.439</u>	<u>153.902.633</u>	<u>49.723.611</u>	<u>45.353.195</u>	<u>58.825.827</u>

23. Fjárhagsleg áhættustýring (frh.)

Rekstraráhætta

Samstæðan getur orðið fyrir beinu eða óbeinu tapi vegna ýmissa þátta í starfsemi samstæðunnar vegna rekstraráhættu.

Samstæðunni ber að hlíta lögum og reglugerðum varðandi fiskveiðistjórnunarkerfið, veiðigjöld, skatta og tolla og geta ákvaraðir stjórnvalda í þessum efnum hverju sinni s.s. vegna náttúrubreytinga eða lagabreytinga haft neikvæð áhrif á rekstur, afkomu og efnahag samstæðunnar.

Loftslagsbreytingar geta raskað vistkerfi sjávar og haft áhrif á útbreiðslu, heimasvæði og samsetningu fisktegunda á Íslandsmiðum. Slíkar breytingar geta haft neikvæð áhrif á afkomu samstæðunnar.

Samstæðan leitast eftir að stýra rekstraráhættu með hagkvæmum hætti til að koma í veg fyrir fjárhagslegt tap og til að vernda orðspor hennar. Til þess að lágmarka og draga úr rekstraráhættu þá leggur samstæðan áherslu á skilvirka stýringu á veiðum og vinnslu afla, þjálfun og upplýsingagjöf til starfsmanna, eftirliti með viðskiptum og breytingum í laga- og reglugerðarumhverfi samstæðunnar auk þess að áhersla er lögð á fylgni við lög og reglur og verkferla.

24. Ábyrgðir og veðsetningar

Á skipi, vélum og tækjum hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess, sem voru að eftirstöðvum um 112,8 milljón evra í árslok 2024. Bókfært verð veðsettra eigna í árslok nemur 152,9 milljónum evra.

Félagið undirritaði árið 2022 viljayfirlýsingu um stofnun sjávarútvegssjóðs sem mun sérhæfa sig í fjárfestingum í sjávarútvegi og haftengdri starfsemi, IS HAF. Áskriftarloforð félagsins er allt að 2 milljarðar króna ISK (EUR: 13,9 milljónir) og er ófráðregið áskriftarloforð í árslok um 1,6 milljarðar króna (EUR 11,3 milljónir evra).

Félagið er í sjálfskuldarábyrgð fyrir dóttur- og hlutdeildarfélög að fjárhæð 3,7 milljónum evra.

25. Hreyfingar án greiðsluáhrifa

Á árinu 2024 átti félagið eftirfarandi viðskipti sem ekki hreyfðu handbært fé og koma því ekki fram í sjóðstreymi félagsins:

- Félagið keypti krókaafhlutdeildir á árinu auk aflahlutdeildar í ufsa. Kaupverð nam um 53 milljónum evra og var helmingur af kaupverði ógreiddur á lok árs.

- Félagið keypti fasteign á árinu fyrir um 2,8 milljón evra. Helmingur af kaupverði er ógreiddur í lok árs.

Á árinu 2023 átti félagið eftirfarandi viðskipti sem ekki hreyfðu handbært fé og koma því ekki fram í sjóðstreymi félagsins:

- Á aðalfundi félagsins í mars var ákveðið að úthluta arði að fjárhæð 35 milljónir evra. Hluti arðgreiðslunnar, eða 17,4 milljónir evra, var inntur af hendi til hluthafa með framsali á langtímakröfum og viðskiptakröfum á tengda aðila og eignarhluta í félögunum Arctic Prime Production (APP) og Arctic Prime Coastal (APC). APP var áður dótturfélag og hluti af samstæðu félagsins en er nú félag í eigu hluthafa.

26. Reikningsskilaaðferðir

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar samstæðan hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Félagið endurmetur á reikningsskiladegi hvort að yferráð yfir fjárfestingu séu til staðar með tilliti til ofangreindra þátta.

Rekstrarniðurstaða keypra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á. Leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaganna eru gerðar þegar að nauðsynlegt þykir og reikningsskilaaðferðir þeirra aðlagaðar að þeim sem samstæðan notar.

Markmið með gerð samstæðureikningsskila er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt við gerð reikningsskilanna.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í öðrum myntum en evrum eru umreiknaður yfir í evrur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar í árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða. Gengismunur af erlendum gjaldmiðlum er færður nettó í rekstrarreikningi.

Eignir og skuldir dótturfélaga sem gera upp í öðrum gjaldmiðli en evrum eru umreiknaðar yfir í evrur á uppgjörsdegi. Tekjur og gjöld vegna slíkra félaga eru umreiknuð á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við slíkan umreikning yfir í evrur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu, þýðingarmun. Þegar dótturfélög sem gera upp í annarri mynt en evrum eru seld, að hluta eða öllu leyti, er þýðingarmunur sem áður hefur verið færður í yfirliti um heildarafkomu færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur eru skráðar miðað við þá þóknun sem samstæðan væntir að eiga rétt á vegna viðskiptanna. Samstæðan skráir tekjur þegar að yferráð vörunnar hafa færst til viðskiptavinar.

Sala sjávarafurða

Samstæðan selur fyrst og fremst frosnar sjávarafurðir á erlenda markaði. Afurðirnar eru ýmist unnar og seldar eða seldar í gegnum beina umboðssölu. Tekjur vegna sölu á sjávarafurðum eru færðar á ákveðnum tímapunkti, þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yferráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru til kaupanda eða flutningsaðila. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Vörusala félagsins er almennt seld gegn gjaldfresti og krafa færð upp við afhendingu vöru. Samstæðan færir ekki upp skuldbindingu vegna vöruskila þar sem slíkar upphæðir hafa sögulega verið óverulegar.

26. Reikningsskilaaðferðir

Fjármunatekjur og fjármagnskostnaður

Fjármunatekjur

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum og arðstekjum og eru færðar þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnskostnaður

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af fjárskuldum, tapi af fjármálagerningum og virðisrýrnun fjáreigna. Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til, að undanskildum fjármagnskostnaði sem fellur til við kaup eða byggingu eignfærsluhæfrar eignar. Slíkur kostnaður er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma er eign er tilbúin til notkunar. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur nokkurn tíma að koma í starfshæft ástand s.s. nýsmíði skipa.

Gengismunur

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli félagsins á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Aðrar eignir en peningalegar eignir eru færðar eru á sögulegu kostnaðarverði og eru ekki uppfærðar vegna gengisbreytinga. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning miðað við eðli þeirra viðskipta sem hann tengist. Gengismunur af handbæru fé er tilgreindur sérstaklega sem gengismunur í rekstrarreikningi á meðal fjármagnsliða. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 21%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattskilum annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundins mismunar sem verður til við upphaflega skráningu.

Tekjuskattseign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi, og er færður í rekstrarreikning við sölu.

26. Reikningsskilaaðferðir (frh.)

Keyptar óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Óefnislegar eignir samanstanda af varanlegum fiskveiðiheimildum og eru eignir þessar ekki afskrifaðar.

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisýrnnunarpróf að minnsta kosti árlega.

Virðisýrnnun eigna annarra en fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisýrnnunar. Komi fram vísbending um virðisýrnnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið til að unnt sé að ákvarða upphæð virðisýrnnunar (ef einhver er).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur samstæðan endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisýrnnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisýrnnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisýrnnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð eða afskrifað kostnaðarverð sé um eign með takmarkaðan líftíma að ræða. Virðisýrnnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Til hlutdeildarfélaga teljast félög þar sem fjárfestir hefur veruleg áhrif á rekstrar- og fjármálastefnu, án þess að teljast hafa yfirráð. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisýrnnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi samstæðufélag gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og áætluðum sölukostnaði. Birgðir af rekstrarvörum og veiðarfærum eru færðar á áætluðu kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu, ef við á.

Fjármálagerningar

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar þegar samningsbundinn réttur eða skylda til greiðslu myndast hjá félaginu.

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu. Viðskiptakostnaður sem rekja má beint til kaupa eða útgáfu fjáreigna eða fjárskulda sem ekki eru færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er bætt við eða dreginn frá gangvirði við upphaflega skráningu eftir því sem við á. Viðskiptakostnaður vegna fjáreigna eða fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er færður strax í rekstrarreikning.

26. Reikningsskilaaðferðir (frh.)

Fjáreignir

Til fjáreigna teljast fjárfestingar í skuldabréfum og hlutabréfum, handbært fé, viðskiptakröfur og aðrar kröfur.

Fjáreignum er skipt í þrjú flokka; fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði, fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eða fjáreignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Flokkun þeirra fer eftir eðli og viðskiptalíkani félagsins fyrir viðkomandi fjáreignir.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign sem áætlað er að eiga til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignir félagsins sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru kröfur á tengda aðila (b.m.t. skuldabréfaeign), viðskiptakröfur og handbært fé.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Eignarhlutar í öðrum félögum þar sem félagið hefur ekki yfirráð eða veruleg áhrif eru metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Umræddar fjárfestingar teljast óverulegar.

Fjáreignir á gangvirði um aðra heildarafkomu

Fjáreignir í sjóðum með skráðu gengi sem ætlað er til að eiga til langs tíma eru metnar á gangvirði í gegnum aðrar heildarafkomu.

Virkir vextir

Vaxtatekjur af fjáreignum öðrum en þeim sem metnar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar miðað við virka vexti nema fyrir skammtímakröfur þegar áhrif afvöxtunar eru óveruleg.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar við upphaflega skráningu.

Virðisrýrnun fjáreigna

Fjáreignir félagsins sem falla undir gildissvið virðisrýrnunarlíkans IFRS 9 eru kröfur á tengda aðila, viðskiptakröfur og handbært fé. Félagið beitir sértæku mati á virðisrýrnun krafna, sjá nánar í skýringu 23 undir liðnum útlánaáhætta.

Félagið metur vænt útlánatap sérstaklega fyrir hvern viðskiptamann, og á hverjum reikningsskiladegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafa áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti. Félagið færir sértæka niðurfærslu fyrir fjáreignir þar sem hlutlæg vísbending er um virðisrýrnun.

Breytingar á virðisrýrnunarframlagi fjáreigna í afskriftareikning eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem matið fer fram. Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

Afskráning fjáreigna

Félagið afskráir fjáreignir þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhætta og ávinningur af fjáreigninni flyst yfir á annars aðila.

26. Reikningsskilaaðferðir (frh.)

Fjárskuldir og eiginfjárgæringar

Eiginfjárgæringur er hvers konar samningur sem felur í sér eftirstæða hagsmuni í eignum félags eftir að allar skuldir hans hafa verið dregnar frá. Eiginfjárgæringar útgefnir af félaginu eru skráðir á kostnaðarverði að frádregnum beinum kostnaði við útgáfu þeirra.

Kaup á eigin hlutum eru færð til lækkunar á heildarhlutafé. Enginn hagnaður eða tap eru færð í rekstrarreikning vegna kaupa, sölu eða útgáfu á eigin hlutum.

Fjárskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Félagið afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar. Hagnaður eða tap vegna afskráningar eru færð í rekstrarreikning.

Handbært fé

Handbært fé samstæðunnar samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vextir færast í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður er eignfærður er hann fellur til og gjaldfærður á lánstíma með aðferð virkra vaxta.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Leigusamningar

Við upphaflega skráningu metur samstæðan hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Samstæðan skráir nýtingarrétt til eignar (leigueign) og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímann.

Leiguskuldbinding er upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi, eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum að frádregnum leiguhvötum, breytilegum greiðslum vegna vísitölu, væntu hrakvirði og kaupréttum á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir.

Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Samstæðan endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslu breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Leigueign er afskrifuð á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða hinnar leigðu eignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð leigueign felur í sér kauprétt á hinu leigða, þá er leigueign afskrifuð á líftíma hins leigða. Leigueign er afskrifuð frá upphafsdegi leigusamnings.

Breytilegar leigugreiðslur sem eru ekki vísitölutengdar eru ekki hluti af leiguskuldbindingu eða nýtingarrétti eignar, heldur gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Samstæðan nýtir sér heimild IFRS 16 til þess að skilja ekki samningsbundnar greiðslur vegna þjónustuþáttar (eða aðrar greiðslur sem ekki teljast til leigu) frá leigugreiðslum við mat á leiguskuldbindingu og nýtingarrétti.

26. Reikningsskilaaðferðir (frh.)

Nýir og endurbættir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Samstæðan hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu, breytingar á þeim og nýjar túlkanir sem gilda fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2024 eða síðar.

Eftirfarandi endurbætur tóku gildi 1. janúar 2024:

- IAS 1 Framsetning reikningsskila - Flokkun skulda í skammtíma eða langtímahluta
- IAS 1 Framsetning reikningsskila - Langtímaskuldur með lánaskilmálum
- IAS 7 Sjóðstreymi og IFRS 7 Fjármálagerningar: Skýringar - Aðfangafjármögnun
- IFRS 16 Leigusamningar - Leiguskuldbinding í sölu og endurleiguvíðskiptum

Það er mat stjórnenda að innleiðing ofangreindra endurbóta á stöðlum hafi ekki haft veruleg áhrif á samstæðuársreikninginn.

Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Þann 1. janúar 2025 tekur í gildi IAS 21 Áhrif gegnisbreytinga erlendra gjaldmiðla - skiptanleiki gjaldmiðla. Þá tekur við IFRS 18 Framsetning og skýringar í reikningsskilum gildi þann 1. janúar 2027. Það er mat stjórnenda að innleiðing á IFRS 18 muni hafa áhrif á framsetningu upplýsinga í reikningsskilunum án þess að hafa áhrif á reikningshaldslegt mat. Unnið er að undirbúningi við innleiðingu staðalsins en endanleg áhrif liggja ekki fyrir að svo stöddu. Evrópusambandið hefur ekki staðfest innleiðingu á IFRS 18 að svo stöddu, en búist er við staðfestingu fyrir gildistöku dag staðalsins. Þá er það jafnframt mat stjórnenda að innleiðing annarra staðla eða endurbóta á stöðlum í útgáfu sem ekki hafa tekið gildi muni hafa engin eða óveruleg áhrif á reikningsskilin.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Einkunnarorð Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. (ÚR) eru virðing og þekking á auðlindum sjávar. Framtíðarsýn ÚR hverfist um að fylgja nútímakröfum um arðbæran rekstur. Gildi fyrirtækisins virðing, ábyrgð, áreiðanleiki og gæði endurspeglast í ábyrgri og sjálfbærri nýtingu auðlinda hafsins. Skýrslu um umhverfis-, félags- og stjórnarhætti (UFS) ÚR má finna á www.urseafood.is. Ófjárhagslegar upplýsingar eiga við árið 2024 og ná til allra þátta í rekstri ÚR og dótturfélaga þess.

ÚR hefur sett fjórar stefnumótandi áherslur varðandi UFS þætti:

- Vernda höfin okkar og bæta loftslag
- Bæta heilsu okkar
- Efla fólkið okkar
- Styrkja samfélög okkar

Viðskiptalíkan

ÚR hefur byggt upp traustan rekstur með sjálfbæra arðsemi í grunnatvinnuvegi Íslendinga, sjávarútvegi. Langtímahorfur eru fyrir sterkan vöxt vegna aukinnar alþjóðlegrar eftirspurnar eftir villtum sjávarafurðum. Meginstarfsemi samstæðu félagsins er vinnsla og sala á sjávarafurðum, fjárfestingastarfsemi sem hefur tengingu við grunnstarfsemi félagsins og nýsköpun. Félagið framleiðir frystar fiskafurðir fyrir erlendan markað. Félagið gerði út einn frystitogara árið 2024, Guðmund í Nesi RE -13. Helsti aflfi fiskiskipa félagsins árið 2024 var grálúða sem var 41% af heildarafla ársins. Félagið leitast stöðugt við að uppfylla kröfur samtímans um skilvirkni í rekstri, gæðahráefni og fyrirmyndarbúnaði fyrir sjómenn. Auk þess er sjálfbærni og gæði starfsmanna fyrirtækisins mikilvæg fyrir alla þætti starfseminnar. Umhverfis- samfélagslegir og starfsmannaþættir eru mjög mikilvægir fyrir viðskiptalíkan ÚR, hafa veruleg áhrif á starfsemi félagsins og stefnir það á að vera í fremstu röð þegar kemur að þeim málum. Helstu áhrif umhverfis-, samfélagslegra og starfsmannaþátta á starfsemi félagsins eru t.d. stjórnun fiskveiða í samræmi við sjálfbæra nýtingu auðlinda, vistvænni orkuqjafar, ábyrgir stjórnarhættir og öryggiskröfur starfsfólks.

Áreiðanleikakönnunarferli

Félagið birtir sjálfbærniupplýsingar í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq, auk vísunar í viðeigandi GRI staðla í umhverfisupplýsingum. Þetta ferli er til að tryggja heildstæða nálgun á sjálfbærniupplýsingagjöf félagsins og gefa samannburðarhæfar niðurstöður á milli ára. Félagið gefur árlega út árs- og sjálfbærnisráðgjafur þar sem finna má niðurstöður allra ófjárhagslegra mælinga.

Stefnur

Umhverfismál

ÚR hefur fimm megin stefnur í umhverfismálum:

Sjálfbær veiði: Í október 2020 samþykktu meðlimir Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi eða SFS stefnu um samfélagslega ábyrgð sem byggir á sjálfbærni markmiðum Sameinuðu þjóðanna. ÚR er stolt af því að vera eitt af fyrstu fyrirtækjunum sem undirrituðu og skuldbundu sig til að axla ábyrgð og stuðla að gagnsæi.

Rekjanleiki og gæði: ÚR vinnur innan kvótakerfisins. Fiskistofa, fyrir hönd sjávarútvegsráðuneytisins, dreifir kvótanum og hefur yfirumsjón með daglegum rekstri kerfis sem sér um kvótaviðskipti. Fiskistofa safnar gögnum um landaðan afla frá höfnum í rauntíma auk upplýsinga um vinnslu og útflutning á fiskiafurðum sem gerðar eru með rafrænu eftirliti. ÚR hefur jafnframt innleitt rekjanleikakerfi þar sem hver framleiddur kassi fær einkvæmt númer sem tryggir rekjanleika kassans frá allt frá veiðum, en þessar upplýsingar má nálgast með því að lesa QRkóða á umbúðum.

Losun gróðurhúsalofttegunda: Eldsneyti er mesta uppspretta umhverfisáhrifa af starfsemi ÚR. Allt rafmagn sem ÚR notar er keypt af endurnýjanlegum uppruna. Stefna ÚR er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stefnir félagið að því að innleiða nýja tækni sem á að draga verulega úr eldsneytisnotkun. Auk þess er öll úrgangsolía send til Hreinsitækni til endurvinnslu samkvæmt samkomulagi við Úrvinnslusjóð. Endurunna olían er síðan seld sem verksmiðjueldsneyti. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda árið 2024 var 17.338 tonn CO₂ miðað við 17.814 tonn CO₂ árið 2023 sem samsvarar 3% samdrætti í losun, en á milli árunna 2022 og 2023 var samdrátturinn 30%. Losun á hvert kíló af veiddum fiski mældist 2.43 miðað við 2.22 árið 2023, sem skýrist að minni heildarafla á hverri sóknareiningu.

Úrgangsstjórnun: Heildarmarkmið ÚR er að lágmarka og flokka úrgang í allri starfsemi sinni, 77% af úrgangi var enduruninn árið 2024 sem er 19% samdráttur í endurvinnslu miðað við árið 2023. ÚR selur 95,7% af afla sínum (að undanskildum gögnum) til vinnslu og dreifingaraðila og því er 95,7% nýting af sjávarafurðunum.

Veiðarfæraúrgangur: Í mars 2021 gerðist Ísland aðili að Global Ghost Gear Initiative (GGGI). Árið 2021 hóf ÚR að rekja nettó þyngdarskil á veiðinetum eftir hverja ferð með niðurstöðum sem birta á í næstu UFS skýrslu. Árið 2024 urðu engin óhöpp þar sem veiðibúnaður týndist á sjó. ÚR hefur fyrirbyggjandi umsjón með förgun veiðarfæraúrgangs með því að senda öll ónothæf veiðinet til endurvinnslu í Danmörku.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

ÚR starfar eftir jafnlaunastefnu, starfskjarastefnu, öryggisstefnu og persónuverndarstefnu auk þess sem félagið er með jafnréttisstefnu.

Kjarnaeying félagsins er fólkið og fjölskyldur þeirra. Markmið ÚR er að veita framúrskarandi vinnuaðstæður og samkeppnishæf laun, hvort sem er á sjó eða á landi, til þess að laða að hæfileika í sjávarútvegi. Allt starfsfólk ÚR er í stéttarfélagi.

ÚR tryggir að öll lögbundin réttindi starfsmanna séu uppfyllt, jafnrétti á vinnustað og að kjarasamningar séu virtir. Árið 2024 var meðal starfsmannafjöldi 99 en voru 102 á árinu 2023. Ein af lykiláherslum ÚR í mannauðsmálum eru starfsmannahátíðir, til að koma öllum hjá ÚR og fjölskyldum þeirra saman. Árið 2022 var innleitt jafnlaunakerfi sem hlaut vottun á fyrsta ársfjórðungi 2023 og var sú vottun staðfest árið 2024. Einn af þremur stjórnarmeðlimum eru konur.

Undir heilbrigðisstefnu félagsins er lögð áhersla á að stuðla að því að starfsmenn séu verndaðir gegn heilsufarshættum og heilsutjóni á vinnustöðum og vinnuverndarstefnan leggur fram verndaráætlun og áhættumat togara og áhafna þess. Öruggt vinnuumhverfi er einn af lykilþáttum starfseminnar og árið 2024 varð ekkert skráð slys hjá félaginu.

ÚR leggur áherslu á að þróa færni og þekkingu starfsmanna sinna. Það er fjölbreytt færni sem krafist er á ýmsum stigum. Árið 2024 fengu starfsmenn að meðaltali 4,36 klukkutíma af þjálfun sem er svipað og fyrra ár. Þjálfun er bæði almenn og tengd iðnaðinum, svo sem, Slysavarnaskóli Sjómanna, HACCP og heildar gæðastjórnun.

Félagið leggur áherslu á samfélagsábyrgð og styrkir margar keppnir, íþrótt- og góðgerðarfélög sem hluta af framlagi til samfélagsins.

Mannréttindi

Félagið fylgir og hefur undirritað stefnu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi um samfélagslega ábyrgð. Stefnan inniheldur kröfur um að tryggja jöfn tækifæri og virða fjölbreytileika, að mismunun vegna kyns, kynhneigðar, eða ólíks uppruna sé ekki liðin og að farið sé að gildandi lögum um mannréttindi, m.a. þegar kemur að nauðungar- og þrælkunarvinnu, barnavinnu og misrétti á vinnustöðum, auk þess sem að þvingað vinnuafli er aldrei liðið.

Spilling og mútur

Félagið er með stefnu gegn spillingu og mútustarfsemi sem var samþykkt árið 2022. Félagið hefur ekkert umburðarlyndi gagnvart mútum, aðstöðugreiðslum eða annarri spilltri starfsemi og gerir kröfu á sig, starfsmenn og fjárfesta fyrirtækja sinna að siðferðislegum stöðlum sé fylgt.

Lögð er áhersla á að fylgja lögum og reglum þar sem félagið er með starfsemi og ef að upp koma vafamál er leiðbeininga leitað hjá viðeigandi aðilum. Ef einhver atvik koma upp þessu tengt er tekið á þeim og þeim beint til stjórnar sem kemur þeim áfram til löqbærra aðila ef við á.

Áhættustýring

Atvinnustarfsemi ÚR er útsett fyrir ýmsum áhættuþáttum sem tengjast rekstri hennar og fjárhag. Árangursrík áhættustýring er mikilvæg til að lágmarka hættu á efnislegum misgjörðum og til að fyrirtækið geti stundað rekstur sinn. Megináhættur sem tengjast UFS þáttum í starfsemi félagsins tengjast veiðiheimildum, slysum og óhöppum og orðspori.

Veiðiheimildir: Helsta eign ÚR eru veiðiheimildir. Til að koma í veg fyrir áhættu í tengslum við veiðiheimildir bæði í framboði og eftirspurn hefur ÚR fjölbreyttan kvóta fiskitegunda. Jafnframt hefur það fjárfest í Brim hf. til að auka fjárfestingar í sjávarútvegi í Norður-Atlantshafi.

Slys og óhöpp: Sjávarútvegurinn er áhættusamur starfsvettvangur þó svo að veiðiaðferðir, skip og tæki hafi stórbatnað á liðnum árum og áratugum. Lögð er áhersla á að tryggja heilsu og öryggi starfsmanna og sérstaklega þegar kemur að starfsemi skipa og áhafna þeirra.

Orðsporsáhætta: Félagið leitast við að viðhalda traustum tengslum við hagsmunaaðila, þar á meðal starfsmenn, verkalýðsfélög, stjórnmöld og eftirlitsstofnanir, birgja, viðskiptavinum og almenning. Áhersla er lögð á að starfa eftir lögum og reglum, framleiða hágæða vöru og vera til fyrirmyndar.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Lykilmælikvarðar

ÚR hefur margs konar hagsmunaaðila, sem allir gegna lykilþáttum í viðskiptum sínum með áhrif í heildar framboðskeðjunni og samfélaginu. ÚR metur forystu og aðgerðir af hálfu hagsmunaaðila sinna og tekur tillit til þeirra við ákvarðanatöku sem varðar stefnu og framkvæmd fyrirtækisins. Markmið ÚR er að tryggja góð og gagnsæ samskipti við alla hagsmunaaðila. Fyrir fyrstu UFS skýrslu sína gerði ÚR rannsókn í byrjun mars 2021 til að fá endurgjöf frá hagsmunaaðilum í tengslum við greiningu á lykilmælikvörðum. Helstu lykilmælikvarðar samkvæmt greiningunni eru veiðarfæraúrgangur, sjálfbær fiskveiði og úrgangsstjórnun bæði á sjó og landi. Að auki er góð auðindanýting, rekjanleiki og umhverfisáhrif mikilvægir þættir í starfsemi félagsins.

Að auki leggur ÚR áherslu á að leggja sitt af mörkum við að ná sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (SDGs) og hefur greint átta heimsmarkmið sem eru beintengd stefnumótandi áherslum félagsins.

Flokkunarreglugerð ESB

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Löggin voru afturvirk til 1. janúar 2023 og gilda því um allt fjárhagsárið 2023.

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum sem koma fram í framseldum reglugerðum og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Til þess að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi skv. 3.gr. reglugerðarinnar. Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum, á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið. Hún þarf að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir og að lokum að hlíta tæknilegum matsviðmiðum. Gerð er krafa á að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á hægri starfsemi, það er, starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera samræmd starfsemi.

ÚR hefur farið yfir starfsemi sína í samræmi við tæknileg matsviðmið þar sem starfsemi félagsins var borin saman við þá flokka atvinnustarfsemi sem nú þegar hafa verið birtir og gilda hér á landi samkvæmt framseldri reglugerð ESB 2021/2139. Við mat á tæknilegu matsviðmiðunum kom í ljós að meginstarfsemi ÚR fellur ekki undir þau tæknilegu matsviðmið sem hafa verið birt og eru því ekki forsendur til frekari skýringa eða útreikninga. ÚR er þó meðvitað um að flokkunarreglugerðin er í stöðugri þróun og starfsemi sem fellur undir önnur umhverfismarkmið en loftslagsbreytingar, ss. sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda, umbreyting yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og eftirlit, og verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa hefur verið birt sem framseld reglugerð hjá ESB og gildir hér á landi frá 1. janúar 2025 auk þess sem frekari atvinnugreinar gætu bæst við birtingarskylduna. Að þeim sökum mun félagið fylgjast grannt með þeirri þróun sem á sér stað og birta upplýsingar um sína meginstarfsemi um leið og hún fellur undir framseldar gerðir flokkunarreglugerðarinnar.

Í meðfylgjandi töflum birtir félagið hlutfall tigreindra lykilmælikvarða vegna atvinnustarfsemi sem fellur ekki að flokkunarreglugerðinni skv. framseldri reglugerð 2021/2178 um innihald og framsetningu upplýsinga.

Til viðbótar birtir félagið upplýsingar um starfsemi í tengslum við kjarnorku og jarðgas í samræmi við 6. og 7. mgr. 8. gr. sömu reglugerðar. Þar sem félagið er hvorki með starfsemi sem tengist kjarnorku né jarðgasi eru lykilmælikvarðar ekki taldir fram.

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildarverkið (3)	Hlutfallið af fjárfestingargjöldi (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag					Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")					Lágmarks verndarástæfanir (17)	Hlutfallið af fjárfestingargjöldi sem fellur að flokkunarkerfinu, ári N 1 (19)	Flokkur(starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfismark-miðum (20)	Flokkur ("lumbreyttingarstarfsemi") (21)	
				Mikluvergi við loftslagsþróun (5)*	Aðlagnum að loftslagsþróun (6)	Væðing og sjávarnæðni (7)	Þróun og sjávarnæðni (8)	Mengun (9)	Umfraðing fjárfestingarverkið (10)	Mikluvergi við loftslagsþróun (11)	Aðlagnum að loftslagsþróun (12)	Væðing og sjávarnæðni (13)	Þróun og sjávarnæðni (14)					Mengun (15)
		EUR	0%	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%		7
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																		
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																		
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0,00	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	0%	0%	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																		
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)																		
Alls (A.1+A.2)		0,00	0%															
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																		
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		89.254.607,00	100%															
Alls (A+B)		89.254.607,00	100%															

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildarverkið (3)	Hlutfallið af fjárfestingargjöldi (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag					Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")					Lágmarks verndarástæfanir (17)	Hlutfallið af fjárfestingargjöldi sem fellur að flokkunarkerfinu, ári N 1 (19)	Flokkur(starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfismark-miðum (20)	Flokkur ("lumbreyttingarstarfsemi") (21)	
				Mikluvergi við loftslagsþróun (5)*	Aðlagnum að loftslagsþróun (6)	Væðing og sjávarnæðni (7)	Þróun og sjávarnæðni (8)	Mengun (9)	Umfraðing fjárfestingarverkið (10)	Mikluvergi við loftslagsþróun (11)	Aðlagnum að loftslagsþróun (12)	Væðing og sjávarnæðni (13)	Þróun og sjávarnæðni (14)					Mengun (15)
		EUR	0%	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%		7
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																		
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																		
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0,00	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	0%	0%	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																		
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)																		
Alls (A.1+A.2)		0,00	0%															
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																		
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		58.942.553,00	100%															
Alls (A+B)		58.942.553,00	100%															

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildarverkið (3)	Hlutfallið af fjárfestingargjöldi (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag					Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")					Lágmarks verndarástæfanir (17)	Hlutfallið af fjárfestingargjöldi sem fellur að flokkunarkerfinu, ári N 1 (19)	Flokkur(starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfismark-miðum (20)	Flokkur ("lumbreyttingarstarfsemi") (21)	
				Mikluvergi við loftslagsþróun (5)*	Aðlagnum að loftslagsþróun (6)	Væðing og sjávarnæðni (7)	Þróun og sjávarnæðni (8)	Mengun (9)	Umfraðing fjárfestingarverkið (10)	Mikluvergi við loftslagsþróun (11)	Aðlagnum að loftslagsþróun (12)	Væðing og sjávarnæðni (13)	Þróun og sjávarnæðni (14)					Mengun (15)
		EUR	0%	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%		7
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																		
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																		
Rekstrargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0,00	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	0%	0%	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																		
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)																		
Alls (A.1+A.2)		0,00	0%															
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																		
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		93.003.886,00	100%															
Alls (A+B)		93.003.886,00	100%															

Starfsemi í tengslum við kjarnorku og jarðgas

Lína	Starfsemi sem tengist kjarnorku	
1	Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna rannsókna, þróunar, sýniverkefna og uppbyggingar á nýjungum í raforkuframleiðslustöðvum sem framleiða orku úr kjarnorkuvinnslu með lágmarksúrgangi frá hringrás eldsneytis.	NEI
2	Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar og öruggs reksturs nýrra kjarnorkuvirkja fyrir framleiðslu á raforku eða vinnslu á varma, þ.m.t. vegna fjarhitunar eða iðnaðarferla á borð við vetnisframleiðslu, ásamt öryggis uppfærslum á þeim með notkun bestu aðgengilegu tækni.	NEI
3	Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna öruggs reksturs kjarnorkuvirkja í rekstri sem framleiða raforku eða vinna varma, þ.m.t. vegna fjarhitunar eða iðnaðarferla á borð við vetnisframleiðslu úr kjarnorku, ásamt öryggisuppfærslum.	NEI
	Starfsemi sem tengist jarðgasi	
4	Fyrirtækið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar eða reksturs raforkuframleiðslustöðva sem framleiða raforku með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	NEI
5	Félagið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar, endurnýjunar og reksturs samþættra varma-/kæli- og orkuframleiðslustöðva með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	NEI
6	Félagið annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna byggingar, endurnýjunar og reksturs varmaframleiðslustöðva sem framleiða varma/kæla með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis.	NEI